



---

# Fundargerð stjórnar HSI

Miðvikudaginn 3. júní 2020



## **Sextándi fundur 62. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 3. júní 2020 kl. 12.00.**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Daði Hafþórsson, Jón Viðar Stefánsson og Magnús Karl Daníelsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 4 mánaða uppgjör  
AÞ kynnti 4 mánaða uppgjör HSÍ og er uppgjorið jákvætt og horfur ágætar.
3. Skýrsla formanns og framkvæmdastjóra
  - a. Landsliðsmál karla og kvenna  
RG kynnti stöðu landsliðsþjálfara karla og kvenna í öllum landsliðum sem og verkefnin framundan. Hafin verður vinna með 06 landslið karla og kvenna í haust. RG mun vinna að tillögum af þjálfurum til stjórnar. EHF gaf það út í vikunni að Ísland er í fyrsta styrkleika fyrir undankeppni EM 2022.
  - b. Fundur EHF  
RG og GBO tóku þátt í fjarfundi með EHF í sl. viku þar sem farið var yfir stöðu sérsambanda.
  - c. Niðurstaða formannafundar  
Formannafundur sem haldinn var í maí gekk vel og voru flestar tillögur stjórnar samþykktar og verða þær lagðar fyrir ársþing HSÍ.
4. Ársþing HSÍ
  - a. Fjárhagsáætlun 2020  
AÞ kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 sem lögð verður fyrir ársþing HSÍ. Stjórn HSÍ samþykkti áætlunina samhljóða
  - b. Tillögur fyrir ársþing  
DBG kynnti fyrir stjórn tillögur laganefndar að breytingum á lögum HSÍ sem lagðar verða fyrir ársþing HSÍ.
5. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 10. Júní, strax að loknu ársþingi HSÍ.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari